



Akraneskaupstaður - úttekt á rekstri og fjárhag

Samantekt - yfirfarin á fundi með bæjarstjórn

Ráðgjafarsvið

15. febrúar 2022



Inngangur og fyrirvari

Verkefnið

Akraneskaupstaður réð KPMG til að gera úttekt á rekstri og fjárhag sveitarfélagsins. KPMG hefur unnið greiningu á fjárhagslegri stöðu og fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins til næstu ára, þ.á.m. hvernig sveitarfélagið stendur gagnvart þeim reglum og viðmiðum sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) styðst við.

Þróun í starfsmannafjölda hefur verið yfirfarin ásamt kostnaði því tengdum og stjórnskipulag hefur verið skoðað. Stærstu málaflokkar voru rýndir og gerður samanburður við önnur sveitarfélög. Þá hefur verið rýnt í gögn um þróun íbúafjölda, aldurssamsetningu og hvernig vænta má að sú þróun geti orðið á næstu árum sem einn af helstu drifkröftum tekna og útgjalda sveitarfélagsins.

Í vinnu KPMG hefur verið lögð áhersla náíð samstarf við stjórnendur Akraneskaupstaðar við að greina þá lykilþætti sem hafa áhrif á fjárhaglega afkomu sveitarfélagsins til framtíðar. Greiningar hafa verið settar fram og útbúin aðgengileg gagnvirk greiningartól. Vinnan hefur miðast við að greina tækifæri, móta markmið, aðgerðir og áætlanir er styðji við árangur til skemmri sem lengri tíma.

Í samantekt þessari er gerð grein fyrir vinnu og helstu ályktunum KPMG. Stuðst er við gildandi fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, ársreikninga og aðrar upplýsingar um rekstur og þjónustu Akraneskaupstaðar, auk opinberra upplýsinga um starfsemi sveitarfélaga almennt. Samantekt þessi var yfirfarin á fundi með bæjarstjórn og sviðsstjórum þann 15. febrúar 2022.

Tengiliðir KPMG

Steinþór Pálsson
Partner, Reykjavík
KPMG Ísland
steinthorpalsson@kpmg.is

Magnús Kristjánsson
Partner, Akureyri
KPMG Ísland
mkristjansson@kpmg.is

S: +354 565 6000

Fyrirvari

KPMG var falið að aðstoða við greiningu á fjárhagsstöðu og framtíðarhorfum í fjármálum Akraneskaupstaðar. Bæjarstjóri var helsti tengiliður sveitarfélagsins við gerð greiningarinnar. Vinnan er unnin í samræmi við samning milli aðila.

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður greiningarinnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma fram síðar. Vinnan er byggð á upplýsingum frá sveitarfélaginu og vinnufundum með lykilstarfsfólki, auk annarra opinberra upplýsinga svo sem af heimasíðu sveitarfélagsins, úr gagnagrunnum Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands.

Ekkert í þessu verkefni ber að túlka sem lögfræðilegt álit eða mat á lögfræðilegum atriðum.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu greiningarinnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli greiningar eða niðurstöðna samantektarinnar er hjá sveitarfélaginu sem verkkaupa eða öðrum aðilum er að málinu kunna að koma.

Áskorun og lykil þættir fjárhagslegrar úttektar


Staða Akraneskaupstaðar í fjármálum er að mörgu leyti sterk. Helstu áskoranir felast í því að stýra ákvörðunum og fjármálum þannig að tekjur vaxi umfram útgjöld á næstu árum og framlegð verði viðunandi.

**Verk að vinna:
Bætt og
viðunandi
framlegð**

1. Þróun framlegðar áhyggjuefni - horfur á að viðmið eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (sem hafa þó verið tímabundið gerð óvirk) náist ekki alveg á næstu árum.
2. Veltufé frá rekstri umtalsvært hærra en framlegð vegna tekna af eignarhlutum og vel yfir viðmiðunarmörkum eftirlitsnefndar.
3. Fasteignagjöld og aðrar tekjur með skattaígildi (lóðaleiga) eru lágar í samanburði við mörg önnur sveitarfélög. Tækifæri til tekjuvaxtar við sölu og uppbyggingu nýrra reita.
4. Hár kostnaður vegna félagsþjónustu, einkum af þjónustu við börn, unglinga og fatlað fólk. Vísbendingar um að framlög Jöfnunarsjóðs séu verulega lægri en þau þyrftu að vera til að mæta útgjöldum vegna þjónustu við þessa hópa.
5. Stærsti málaflokkurinn / útgjaldaliðurinn – fræðslu- og uppeldismál – kemur kostnaðarlega vel út í samanburði við önnur sveitarfélög
6. Töluverð hækkun launakostnaðar vegna fjölgunar stöðugilda og launaþróunar. Mikilvægt að hafa hemil á fjölgun stöðugilda með markvissri stefnu í mannauðsmálum.
7. Miklar fjárfestingar fyrirhugaðar á næstu árum. Leitast þarf við að ná fram samlegð í starfsmannahaldi samhliða til að draga úr aukningu rekstrarútgjalda.
8. Skuldsetning er lág í samanburði við önnur sveitarfélög.
9. B hluti hefur verið sjálfbær allra síðustu ár en þó halli árið 2020. Í því sambandi skiptir mestu að tryggja rekstur Höfða og gæta fyllstu hagkvæmni í starfsemi heimilsins.
10. Ekki eru til staðar skilgreind markmið í fjármálum Akraneskaupstaðar.


Horfur og samanburður við viðmið EFS*

Rekstrarjöfnuður / jafnvægisregla



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

* EFS = Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga



© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Jafnvægi í rekstri


- Rekstur A-hluta Akraneskaupstaðar hefur verið jákvæður undanfarin ár og sveitarfélagið hefur uppfyllt ákvæði um 3ja ára rekstrarjöfnuð í fjármálareglum sveitarstjórnarlaga.
- Samkvæmt fyrirliggjandi útkomuspá fyrir árið 2021 og drögum að áætlun fyrir árin 2022 til 2025 mun sveitarfélagið standast viðmið um rekstrarjafnvægi á tímabilinu.
- Hafa ber í huga að fjármálareglur sveitarfélaga miðast almennt við samantekin reikningsskil A- og B-hluta þó að þeim sé stundum beitt með sambærilegum hætti á A-hluta einan og sér eins og hér er gert.
- Rétt er að taka fram að samkvæmt fyrirliggjandi drögum að áætlunum eru viðmið um þriggja ára rekstrarjöfnuð uppfyllt hjá A- og B-hluta samanlagt á því tímabili sem um ræðir.

Viðmið um skuldsetningu

- Skuldsetning A-hluta Akraneskaupstaðar hefur verið vel innan þeirra marka sem EFS miðar þ.e. að svokallað skuldaviðmið sé undir 150% af tekjum.
- Skuldaviðmið A-hluta lækkaði úr 62% í 23% á árunum 2016 til 2020 og skuldahlutfall (heildarskuldir/tekjum) lækkaði á sama tíma úr 99% í 89%.
- Samkvæmt fyrirliggjandi útkomuspá fyrir árið 2021 og drögum að áætlun fyrir árin 2022 til 2025 mun sveitarfélagið áfram standast viðmið skuldsetningu á því tímabili sem áætlunin nær til.
- Þrátt fyrir að áætlðu skuldsetning verði áfram innan viðmiðunarmarka EFS er gert ráð fyrir aukinni skuldsetningu á næstu árum. Samkvæmt áætlunum mun skuldaviðmið fara hækkandi á árunum 2021 til 2024 en lækkar svo lítillega á milli árana 2024 og 2025.
- Aukin skuldsetning skýrist af fyrirhuguðum fjárfestingum í rekstrarfjármunum sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi drögum að fjárhagsáætlun.
- Áætlanir sveitarfélagsins um tekjuvöxt á komandi árum eru hér mikilvæg forsenda. Gangi þær spár ekki eftir munu skuldsetningarhlutföll þróast með öðrum hætti.


Horfur og samanburður við viðmið EFS*

Framlegðarhlutfall



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

Veltufé frá rekstri



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

* EFS = Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga



© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Framlegð rekstrar


- Framlegð af rekstri A-hluta Akraneskaupstaðar hefur lækkað nokkuð skarpt frá árinu 2017 og gerir útkomuspá yfirstandandi rekstrarárs ráð fyrir að framlegð verði neikvæð um 0,3% af tekjum á árinu.
- Samkvæmt áætlun fyrir árin 2022 til 2025 mun framlegð af rekstri A-hlutans verða undir viðmiðum EFS á tímabilinu en fer þó vaxandi og nálgast umrædd viðmið undir lok tímabilsins (blá lína). Áætlanir um aukna framlegð byggja á forsendum um að tekjur vaxi hraðar en gjöld á næstu árum. Ef tekið er tillit til „óreglulegra“ tekna er reiknað framlegðarhlutfall nokkru hærra (gul lína).
- Lækkandi framlegð A-hluta er skýrist af hækkingu rekstrargjalda og þá sérstaklega hækkingu launakostnaðar. Svipaða þróun má sjá í rekstri fjölda sveitarfélaga þó að heildaráhrifin séu breytileg frá einu sveitarfélagi til annars. Opinber viðmið um framlegðarkröfu taka mið af skuldsetningu og kallar aukin skuldsetning þannig á aukna framlegð.

Fjármunamyndun / veltufé frá rekstri

- Þrátt fyrir að framlegð rekstrar hafi farið lækkandi og stefni í að verða undir viðmiðum EFS á næstu árum þá er fjármunamyndun í rekstri sveitarfélagsins vel yfir þeim mörkum sem nefndin miðar við í sínum störfum.
- Þetta skýrist af því að samhengið á milli framlegðar og fjármunamyndunar hjá Akraneskaupstað er með nokkuð öðrum hætti en hjá mörgum öðrum sveitarfélögum. Akraneskaupstaður hefur þá sérstöðu að hafa verulegar tekjur af eignarhlutum í félögum, einkum Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahöfnum. Þessar fjármunatekjur bætast við framlegðina við mælingar á fjármunamyndun.
- Þetta veldur því að sveitarfélagið er vel yfir viðmiðum EFS um fjármunamyndun þrátt fyrir að vera undir viðmiðum nefndarinnar um framlegðarhlutfall.
- Með fylgni við viðmið EFS um framlegð rekstrar og mögulega með setningu enn metnaðarfullri markmiða í þeim efnum, getur sveitarfélagið skapað sér og notið ákveðins samkeppnisforskots vegna þeirra fjármunatekna sem það hefur af eignarhlutum sínum.


Horfur og samanburður við viðmið EFS*

Rekstrargjöld í hlutfalli við heildartekjur



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

Rekstrargjöld í hlutfalli við útsvar



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

Þróun kostnaðarhlutfalla

- Hlutföll rekstrargjalda af heildartekjum A-hluta Akraneskaupstaðar hafa farið hækkandi á liðnum árum og framlegð þar með farið lækkandi.
- Þannig hækkaði hlutfall launa og launatengdra gjalda úr tæplega 57% árið 2016 í rúm 64% árið 2020. Samkvæmt útkomuspá er gert ráð fyrir að hlutfallið verði yfir 65% á árinu 2021 og áætlanir gera ráð fyrir að hlutfall launakostnaðar haldist á bilinu 65 til 67% heildartekjum A-hluta á árinunum 2022 til 2025.
- Annar rekstrarkostnaður hækkaði úr 28% í 30% af tekjum A-hluta á árunum 2016 til 2020. Áætlanir sveitarfélagsins gera ráð fyrir að hlutfallið fari heldur lækkandi á næstu árum og verði um 24% af tekjum á árinu 2025. Forsendur áætlana miðast því við að tekjur vaxi hraðar en rekstrarkostnaður á næstu árum.
- Í fyrirbyggjandi drögum að áætlunum er gert ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytinga á lífeyrisskuldbindingu verð á bilinu 4 til 5% á árunum 2022 til 2025.


Rekstrargjöld í hlutfalli við útsvarstekjur

- Sé einungis litið til útsvarstekna má sjá hvernig laun og launatengd gjöld A-hluta hafa þróast á liðnum árum og eru orðin um og yfir 100% af útsvarstekjum sveitarfélagsins. Áætlanir gera ráð fyrir að þetta hlutfall haldist svipað til ársins 2025 en lækki þó lítillega undir lok tímabilsins.
- Á sama tímabili hefur annar rekstrarkostnaður verið á bilinu 40 til 50% af útsvarstekjum og gjaldfærsla vegna breytinga lífeyrisskuldbindingar hefur verið á bilinu 9 til 20% á árunum 2016 til 2020.
- Auk útsvars hefur sveitarfélagið aðra tekjustofna til að mæta útgjöldum svo sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, fasteignaskatta, lóðaleigu og aðrar tekjur.
- Útsvarinu er því ekki ætlað einu og sér að standa undir rekstri sveitarfélagsins. Til dæmis má taka að framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er ætlað að fjármagna mikilvæga grunnþjónustu að hluta til, svo sem þjónustu við fatlað fólk en í þeim málum hefur kostnaður einmitt farið vaxandi á liðnum árum.

* EFS = Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga


Horfur og samanburður við viðmið EFS*

Fjárfesting í rekstrarfjármunum og lántökur



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

Ný fjárfesting / lántaka sem hlutfall af skuldum



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

* EFS = Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga



© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Fjárfestingar og fjármögnun


- Í fyrirbyggjandi drögum að fjárhagsáætlun árána 2022 til 2025 er gert ráð fyrir töluverðum fjárfestingum í rekstrarfjármunum eða um 6,0 milljörðum króna á tímabilinu öllu.
- Þá miðast útkomuspá fyrir árið 2021 við að fjárfestingar A-hluta nemi 1,1 milljarði króna og áætlaðar heildarfjárfestingar á árunum 2021 til 2025 nema því tæplega 7,1 milljörðum króna. Áætlaðar fjárfestingar á þessu fimm ára tímabili eru því umtalsvert meiri en fjárfestingar á næstu fimm árum þar á undan.
- Til að fjármagna framangreinda fjárfestingaáætlun þurf að koma til nýjar lántökur og gera áætlanir ráð fyrir að tekin verði ný langtímalán að fjárhæð 3,3 milljarðar króna á næstu þremur árum.

Viðmið EFS um fjárfestingar og lántökur

- Gert er ráð fyrir að fjárfestingar verði á bilinu 8 til 28% af skuldum A-hlutans á árunum 2022 til 2025, hæst á árinu 2022 en hlutfallið fari svo lækkandi þegar líður á tímabilið.
- Áætlanir sveitarfélagsins gera ráð fyrir því að nýjar lántökur nemi rúmlega 20% af heildarskuldum á árinu 2022 en lækki svo og verði á bilinu 9 til 10% næstu tvö ár þar á eftir. Ekki er gert ráð fyrir neinum nýjum lántökum á árinu 2025.
- Viðmið EFS gera ráð fyrir að fjárfestingar og nýjar lántökur séu að jafnaði ekki umfram 5% af heildarskuldum ár hvert hjá sveitarfélögum sem er með nettóskuldir lægri en sem nemur 150% af tekjum. Stærri fjárfestingaverkefni geta þó vissulega valdið sveiflum þessum hlutföllum á einstökum árum.


Horfur og samanburður við viðmið EFS*

Árafjöldi í niðursgreiðslu skulda



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

Árafjöldi í niðursgreiðslu skulda



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

Framlegð rekstrar og endurgreiðslutími skulda

- Styrkur Akraneskaupstaðar til endurgreiðslu skulda mælist lágur ef litið er til framlegðar af rekstri A-hluta eingöngu.
- Þegar framlegð verður lítil sem engin verður reiknaður endurgreiðslutími lána mjög hár. Þannig tæki það sveitarfélagið um 335 ár að endurgreiða allar skuldir og skuldbindingar m.v. framlegð rekstrarins á árinu 2020.
- Sé hins vegar litið til fjármunamyndunar (veltufé frá rekstri) verður myndin allt önnur og endurgreiðslutími lána í raun skammur.
- Með því að miða endurgreiðslutímann við veltufé frá rekstri reiðir sveitarfélagið sig á áframhaldandi arð af eignarhlutum til að standa undir skuldbindingum sínum. Heppilegra má telja að framlegð af rekstri sé innan þeirra viðmiða sem almennt er horft til í rekstri sveitarfélaga. Eignatekjur gæfu sveitarfélaginu þá fjárhagslegt forskot, m.a. til fjárfestinga og uppbyggingar án skuldsetningar.


Greiðslugeta miðað við fjármunamyndun

- Ef litið er til fjármunamyndunar í rekstri Akraneskaupstaðar má sjá að reiknaður endurgreiðslutími allra skulda og skuldbindinga sveitarfélagsins hefur verið á bilinu 4 til 7 ár á tímabilinu frá 2016 til 2020. Útkomuspá og áætlanir gera ráð fyrir að reiknaður endurgreiðslutími verði á bilinu 7 til 9 ár á árabilinu 2021 til 2025.
- Sé horft til nettóskulda A-hlutans, þ.e. skulda og skuldbindinga að frádregnum veltufjármunum og langtímakröfum liggur línan enn neðar og endurgreiðslutíminn á bilinu 2 til 4 ár á árunum 2016 til 2020. Miðað við fyrirbyggjandi drög að áætlunum reiknast endurgreiðslutími nettóskulda á bilinu 5 til 7 ár á árunum 2021 til 2025.
- Hækkandi endurgreiðslutími skulda á komandi árum skýrist einkum af áætlunum um aukna skuldsetningu vegna fjármögnunar á fyrirhuguðum fjárfestingum í fasteignum og öðrum innviðum á næstu árum.
- Reiknaður endurgreiðslutími skulda sveitarfélagsins er hóflegur ef miðað er við áætlaða fjármunamyndun en sterkt veltufé frá rekstri stafar hér fremur af áætluðum eignatekjum heldur en væntri framlegð af rekstri A-hlutans.

* EFS = Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga


Horfur - starfsemi B-hluta

Rekstrarafkoma



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

Veltufé frá rekstri / afborganir lána



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

* EFS = Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga



© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Framlegð og rekstrarafkoma B-hluta


- Framlegð B-hluta var jákvæð á árunum 2015 til 2020 með einni undantekningu. Framlegðarhlutfallið var á bilinu -0,3 til 3,6% af tekjum á framangreindu tímabili.
- Rekstrarafkoma var um það bil í jafnvægi þrjú ár af þessum fimm en árin 2016 og 2020 var lítilsháttar tap af rekstrinum þegar tekjufærslur vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum eru undanskildar.
- Hafa ber í huga að rekstrarafkoma B-hlutans inniheldur framlag aðalsjóðs til Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilis að fjárhæð u.þ.b. 25 til 30 millj. kr. árlega.
- Það er mikilvægt fyrir starfsemi sveitarfélagsins í heild að unnt verði að halda rekstri B-hlutans í jafnvægi eins og áætlanir gera ráð fyrir. Þar vegur rekstur Höfða langþingst og því afar mikilvægt að ráðdeild og hagkvæmni verði höfð að leiðarljósi í rekstri heimilanna, hér eftir sem hingað til.

Fjármunamyndun og sjóðstreymi B-hluta

- Ef lítið er til fjármunamyndunar í rekstri B-hlutans má sjá að hún var jákvæð á árunum 2016 til 2019 en neikvæð um u.þ.b. 10 millj. kr. á árinu 2020.
- Afborganir af núverandi langtímalánum B-hlutans hafa verið á bilinu 15 til 18 millj. kr. á ári undanfarin ár. Fyrirhuguð er lántaka hjá Höfða árið 2023 vegna endurbóta á fasteignum heimilisins. Í kjölfar þeirrar lántöku munu afborganir aukast og greiðslubyrði lána þyngjast.
- Útkomuspá fyrir árið 2021 og áætlanir fyrir árin 2022 til 2025 gera ráð fyrir að fjármunamyndun í rekstri B-hluta sveitarfélagsins muni duga fyrir afborgunum lána og að B-hlutinn verði sjálfbær í því tilliti.
- Hér er þó rétt að hafa í huga að í áætlunum Höfða er gert ráð fyrir framlögum frá Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit til heimilanna að fjárhæð um og yfir 30 millj. kr. árlega, þar af koma um 90% frá Akraneskaupstað.
- Gáma er næst umsvifamest B-hluta fyrirtækja sveitarfélagsins en aðrar einingar B-hlutans hafa litla sem enga starfsemi með höndum.

Vægi málaflokka í rekstri aðalsjóðs


Málaflokkar í hlutfalli við skatttekjur



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

Vægi málaflokka í rekstri aðalsjóðs

Helstu starfsemisspættir félagsþjónustu



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.



Málaflokkur 02 - Velferðar- og mannréttindasvið

—

Kröfur og viðhorf

Lögskyld verkefni sveitarfélaga

- Á sveitarfélögum hvílir rík skylda í félagsþjónustu sem hefur það markmið að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjalpar. Helstu verkefni og ábyrgð í þjónustu og eftirliti koma m.a. fram í eftirfarandi lögum:
 - um félagsþjónustu sveitarfélaga,
 - um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir,
 - um málefni aldraðra,
 - um barnavernd.
- Ábyrgð sveitarfélaga hefur farið vaxandi á síðustu árum – og kostnaður samhliða - meðal annars með breytingu á verkaskippingu milli ríkis og sveitarfélaga í málefnum fatlaðs fólks.

Ný löggjöf í mótun

- Á síðasta ári voru sett lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og endurskoðun á barnaverndarlögum, hvorutveggja með gildistöku 1. janúar á þessu ári – en ákvæði um barnavendarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar koma til framkvæmda í lok maí einnig á þessu ári.
- Framkvæmd laga verður skýrð nánar með reglugerð/-um sem eru í mótun og viðbúið að það hafi áhrif á skipulag og framkvæmd mála hjá sveitarfélögum.


Rýni á þjónustu og kostnað

- Að undanfögnu hafa starfshópar á vegum félagsmálaráðuneytis haft málefni fatlaðs fólks til skoðunar.
 - Annar starfshópurinn er með til skoðunar heildarendurskoðun á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og er áætlað að hann skili sínum niðurstöðum í janúar 2022.
 - Hinn hópurinn er með til skoðunar heildarendurskoðun á þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og raunkostnað sveitarfélaga.
 - Ekki er ljóst á þessu stigi hvenær niðurstöður af vinnu starfshópanna liggja fyrir né hvernig unnið verður með niðurstöður þeirra í framhaldinu. Engu að síður eru væntingar um að þessi vinna nýtist við mótun á þjónustu og fjármögnun þessa málaflokks til framtíðar.

Almenn þróun

- Krafa um skilvirka félagsþjónustu er almennt vaxandi í samfélaginu, hvort sem um er að ræða þá sem sækjast eftir þjónustu, aðstandendum, persónulegum talsmönnum, sérfræðingum eða stjórnvöldum. Eftirspurn hefur farið vaxandi á undanfögnu árum og má búast við að sú þróun haldi áfram m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga og áherslna auk öldrunar þjóðarinnar.

Verkefni og skipulag



Jafnframt er verkefnastjóri til hliðar við sviðsstjóra sem samþættir þjónustu og starfsemi barnvæns sveitarfélags – sem er samstarfsverkefni með skóla- og frístundasviði en starfsmaður er skráður á velferðarsvið.

Þróun, horfur og samanburður (1/3)

Kostnaður við félagsþjónustu **Á ÍBÚA**

Samanburður við STÆRRI sveitarfélög

- Kostnaður á íbúa við félagsþjónustu er mjög misjafn milli sveitarfélaga.
- Hjá Akraneskaupstað var kostnaðurinn 162 þús. kr. á íbúa árið 2020 eða um miðbik þess sem almennt gerist hjá stærri sveitarfélögum.
- Akureyri annast um þjónustu fyrir önnur sveitarfélög sem skýrir háan kostnað þar að einhverju leyti.
- Aukning í kostnaði á hvern íbúa árin 2015 til 2020 er einnig mjög misjafn á milli sveitarfélaga. Aukningin hjá Akraneskaupstað er um 33% á þessu tímabili. Tvö stærri sveitarfélög eru með minni aukningu en Akraneskaupstaður í þessum lið á tímabilinu en önnur meiri.

Ár	Akraneskaupstaður	Akureyrarkaupstaður	Garðabær	Hafnarfjarðar kaupstaður	Kópavogs bær	Mosfells bær	Reykjanes bær	Reykjavíkurborg	Sveitarfélagið Árborg
2015	121,834	183,136	80,663	103,954	80,653	137,162	93,677	167,543	91,516
2016	126,458	180,562	88,510	101,076	83,536	141,294	80,870	172,591	91,225
2017	121,578	177,524	97,773	109,847	86,498	139,956	71,502	182,907	85,058
2018	129,143	187,830	114,787	124,863	96,906	144,860	79,852	199,473	96,702
2019	150,112	217,735	118,163	149,626	107,304	161,790	88,435	219,291	117,388
2020	162,440	249,153	162,381	168,511	120,752	166,720	110,664	246,586	138,461
Br. %	33%	36%	101%	62%	50%	22%	18%	47%	51%

Heimild: Samband Íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands. Greining KPMG.
Ath. að ósamræmi getur verið í flokkun einstakra liða í bókhalði frá einu sveitarfélagi til annars.

Samanburður við MINNI sveitarfélög

- Líkt og hjá stærri sveitarfélögum er kostnaður mjög misjafn á milli sveitarfélaga.
- Kostnaður á íbúa við félagsþjónustu hjá Akraneskaupstað er næst hæstur, á eftir Sveitarfélaginu Skagafirði. Það sveitarfélag þjónar einnig nokkrum öðrum sveitarfélögum á stóru svæði og samanburður við Skagafjörð því vart marktækur í þessu sambandi.
- Aukning í kostnaði á íbúa árin 2015 til 2020 er mjög misjafnlega mikil á milli sveitarfélaga.
- Þrátt fyrir sömu skyldur þá leggst kostnaður mjög misjafnlega á sveitarfélög en almennt meira á þau stærri.


Ár	Akraneskaupstaður	Borgarbyggð	Fjarðabyggð	Grindavíkurbær	Ísafjarðar bær	Seltjarnarnes bær	Suðurnesja bær	Sveitarfélagið Skagafjörður	Vestmannaeyjabær
2015	121,834	90,133	78,162	100,411	66,649	63,366		60,402	74,000
2016	126,458	98,161	83,841	96,142	54,343	65,624		167,049	75,034
2017	121,578	104,436	89,014	97,603	52,824	101,959		170,317	72,235
2018	129,143	105,968	89,540	85,578	68,340	128,137	72,313	185,845	77,701
2019	150,112	107,070	118,755	95,117	98,844	129,465	110,742	216,311	84,834
2020	162,440	99,886	137,793	110,869	107,007	148,022	94,516	235,820	94,235
Br. %	33%	11%	76%	10%	61%	134%		290%	27%

Heimild: Samband Íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands. Greining KPMG.
Ath. að ósamræmi getur verið í flokkun einstakra liða í bókhalði frá einu sveitarfélagi til annars.

Þróun, horfur og samanburður (2/3)


- Heildar kostnaður við félagsþjónustu var um 1,25 ma.kr. á árinu 2020. Gert er ráð fyrir að kostnaður við félagsþjónustu árið 2021 hafi verið 1,4 ma.kr. sem er 14% aukning frá fyrra ári. Í áætlun er gert ráð fyrir 10% aukningu 2022 frá 2021 og svo um 5% aukningu árin 2023 og 2024 og loks tæplega 3% hækkun árið 2025.
- Áætluð aukning nettóútgjalda sem færast á málaflokk 02, félagsþjónustu, frá árinu 2020 til 2025 er því rúm 40% eða 519 m.kr.
- Breytingar urðu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og ný lög voru sett árið 2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Kostnaður við þjónustuna hefur farið ört vaxandi á síðustu árum. Þjónusta við fatlað fólk vegur langþyngst í rekstri félagsþjónustu hjá Akraneskaupstað eða allt að 67% af heildarútgjöldum til félagsþjónustu árið 2020. Gert er ráð fyrir að hlutfallið hafi farið í 73% árið 2021 og verði svipað út áætlunartímann.
- Stóru liðirnir eru búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk og aðkeypt sérhæfð þjónusta vegna búsetuúrræða við börn með fjölþættan vanda.
- Þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk á að vera fjármögnuð annars vegar með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og hins vegar með útsvari sem svarar til 0,25% af útsvarsstofni hvers árs. Fyrstu 15 tímar af veittri þjónustu í viku hverri falla þó undir almenna félagsþjónustu sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum nügildandi laga.
- Efri myndin hér til hægri sýnir þróun rekstrargjalda í málaflokk 02, félagsþjónustu, en tekjur til að veita þjónustuna færast meðal skatttekna, þ.e. á málaflokk 00. Þær tekjur sem ætlað er að mæta þjónustu við fatlað fólk hafa engan vegin fylgt eftir auknum kostnaði við að veita þjónustuna og nettókostnaður sveitarfélagsins fer því vaxandi ár frá ári.
- Á neðri myndinni má sjá áætlaða þróun tekna og gjalda vegna þjónustu við fatlað fólk samkvæmt nügildandi áætlunum sveitarfélagsins. Þarna hafa framlög frá Jöfnunarsjóði og 0,25% útsvar verið flokkuð með tekjum.

Helstu starfsemisspættir félagsþjónustu



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.

Áætluð áhrif þjónustu við fatlað fólk á rekstraráætlanir




Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar og yfirlit Jöfnunarsjóðs um endanleg framlög 2021. Greining KPMG.

Þróun, horfur og samanburður (3/3)


- Í áætlunum Akraneskaupstaðar er gert ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins sem ætlað er að standa undir kostnaði við þjónustu við fatlað fólk, breytist tiltölulega lítið á árunum 2022 til 2025. Heildartekjur eru áætlaðar á bilinu 700 til 770 m.kr. vaxa því um u.þ.b. 10% á tímabilinu sem áætlunin tekur til. Þróun og samsetningu tekna má sjá á efri myndinni hér til hægri.
- Stærsti óvissuþátturinn á tekjuhlíðinni er þróun í framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til málefna fatlaðs fólks en þau nema u.þ.b. ¾ af tekjum sem ætlað er að fjármagna þessu þjónustu, samkvæmt áætlunum bæjarins.
- Eins og áður segir eru nú starfandi starfshópar á vegum ráðherra sem hafa m.a. það hlutverk að greina þróun kostnaðar sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Ekki liggur fyrir á þessu stigi hver niðurstaða þeirrar vinnu verður eða hvernig stjórnvöld munu vinna úr þeim málum í framhaldinu.
- Hlutdeild í útsvari vegur um 15-16% af tekjum til fjármögnunar á þjónustu við fatlað fólk og ýmsar sértekjur nema um 10%.
- Áætlaður vöxtur rekstrarútgjalda Akraneskaupstaðar vegna þjónustu við fatlað fólk er mun meiri en áætlaður vöxtur þeirra tekjustofna sem ætlaðir eru til að standa undir þessari þjónustu.
- Um það bil 70-75% áætlaðra rekstrargjalda eru laun og launatengd gjöld en áætlunir gera ráð fyrir að þessi megin útgjaldaliður vaxi um 27,5% á milli árunum 2021 og 2022 eða sem svarar til 184 m.kr. Á árunum 2022 til 2025 er gert ráð fyrir að launakostnaður haldi áfram að vaxa og nemur uppsöfnuð áætluð hækkun á framangreindu tímabili 16,3% eða 138 m.kr.
- Annar rekstrarkostnaður vegur minna í útgjöldum vegna þessarar þjónustu eða um og yfir ¼ af heildarkostnaði. Þá gera áætlunir einnig ráð fyrir að sá þáttur vaxi mun minna á áætlunartímabilinu. Með öðrum rekstrarkostnaði flokkast m.a. aðkeypt þjónusta og ýmis úrræði sem eru að nokkrum hluta ófyrirséð og geta sveiflast mikið frá einum tíma til annars.

Áætlaðar tekjur vegna þjónustu við fatlað fólk



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar og yfirlit Jöfnunarsjóðs um endanleg framlög 2021. Greining KPMG.

Áætluð gjöld vegna þjónustu við fatlað fólk



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlanir Akraneskaupstaðar. Greining KPMG.



kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app

© 2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.